



Hjúkrunarheimilið Skógarbær hefur verið viðskiptavinur Tölvumiðlunar síðan 1997. Í október 2010 uppfærði Skógarbær launakerfið sitt í **H3 laun** ásamt því að setja upp **H3 greiningar** og **H3 mannauð**. H3 gerir Skógarbæ kleift að halda utan um allt sem tengist launa- og mannauðsmálum í einu samhæfðu kerfi.

UM SKÓGARBÆ

Hjúkrunarheimilið Skógarbær er fyrir einstaklinga sem þurfa sólarhrings umönnun og miðast hjúkrunin við að geta annast einstaklinga með þá fjölbættu sjúkdóma sem einkenna þá sem dvelja á hjúkrunarheimili. Í langtímahjúkrun aldgraða er leitast við að fara eftir hugmyndafræði um líknandi umönnun. Í líknandi umönnun felst heildræn umönnun sjúklings, þar sem markmiðið er að stuðla að lífsgæðum og viðhalda færni út frá líkamlegum, sálrænum og félagslegum þáttum einstaklingsins.

Öll umönnun miðast við að þeir einstaklingar, sem dvelja á heimilinu haldi reisu sinni og virðingu þrátt fyrir veikindi og fötlun. Sjálfsákvörðunarréttur einstaklingsins er virtur og haft er samráð við ættingja um velferð einstaklinganna. Áhersla er lögð á alúðlega framkomu alls starfsfólks við heimilisfólk Skógarbæjar.

Hjúkrunarheimilið Skógarbær var stofnað árið 1997 og þar starfa um 140 manns.

FERLIÐ FRÁ ÁKVÖRÐUN TIL INNLEIÐINGAR

Hjúkrunarheimilið hafði verið með H-Laun (undanfara H3) síðan 1997 og þegar uppfærsla í H3 laun var tímabær ákvað Skógarbær að hagræða enn frekar í rekstrinum með því að bæta við fleiri einingum úr H3. Skoðuð voru nokkur launa- og mannauðskerfi á markaðnum en H3 varð fyrir valinu.

Byrjað var á **H3 laun**. Uppsetning, innleiðing og námskeið tók nokkrar vikur frá undirritun samnings í september 2010. Launagögn voru færð úr H-Laun fyrir árin 2007 og 2008 með það að markmiði að samanburðartölur væru strax til staðar og ekki þyrfti að fara á milli kerfa til að leita upplýsinga. Að lokinni uppsetningu fór kerfið í gegnum hefðbundnar prófanir og í nóvember 2008 voru laun greidd út í H3 í fyrsta sinn. Sett var upp bókhaldstenging fyrir DK bókhaldskerfi.

H3 mannauður var sett upp í kjölfarið til að bæta utanumhald ýmissa starfsmannaupplýsinga. H3 mannauður er notað við skjalavinnslu s.s. gerð ráðningasamninga sem vistaðir eru í rafrænum skjalaskáp H3, einnig skráningar og eftirfylgni með námskeiðum og öðrum starfsmannatengdum upplýsingum sem tengjast starfssemi Skógarbæjar.

H3 greiningar var tekið inn á sama tíma til að einfalda skýrslugerð til stjórnenda varðandi launaþróun og gefa stjórnendum aðgang að teningum til þess að greina launagögn eftir ýmsum víddum og mælieiningum.

H3 - KERFISLÝSING

H3 er upplýsingakerfi sem aðstoðar stjórnendur við utanumhald mannauðsmála. Kerfið samanstendur m.a. af einingunum H3 laun, H3 dagpeningar, H3 greiningar, H3 mannauður, H3

„Hjúkrunarheimilið Skógarbær hefur verið með H3 frá september 2008, en frá 1997 vorum við með eldri útgáfuna af H-Launum. Eldri útgáfan var góð en alltaf má gera betur og fyrir okkur opnaðist nýr heimur við að taka inn H3 laun. Allt vinnsluumhverfið er miklu þægilegra og fljótlegra. Að geta farið beint á milli kerfiseininga auðveldar vinnuferlana. Auk þess að fá inn veltitöflur og geta flutt gögn beint inn í Excel til að vinna með þau þaðan eru miklar framfarir. Við að taka inn H3 laun sparar Hjúkrunarheimilið Skógarbær bæði tíma og peninga.“

Hrefna Sigurðardóttir, forstjóri.

ráðningar, H3 starfsmenn, H3 áætlanir, H3 stjórnun og H3 fræðsla.

Allar kerfiseiningar í H3 eru samþættar og því komið í veg fyrir tvískráningar sömu upplýsinga. Breytingar þarf því aðeins að framkvæma einu sinni. Gögn flæða milli kerfiseininga þar sem við fáum mismunandi sýn á sömu gögnin. Sömu upplýsingar um starfsmenn eru því aðgengilegar bæði í launakerfi og mannauð og jafnvel á vefnum með þeim takmörkunum þó að upplýsingar varðandi laun og launakjör eru ekki mannauðsmegin. Sé upplýsingum breytt í einni kerfiseiningu sést breytingin samstundis í öðrum.





H3 tekur á móti tímaskráningar- og launafærslum frá viðverukerfum og skilar bókhaldsfærslum til allra bókhaldskerfa. Einnig getur H3 skilað upplýsingum og skýrslum á innri/ytri vefsíður eða í Excel til greiningar, áætlana og myndrænna framsetninga.

„Um leið og H3 laun var tekið inn var sett upp greiningarkerfið H3 greiningar þ.e. teningurinn. Það kerfi er ómissandi við reksturinn. Auðvelt er að taka út launaupplýsingar, flokka, kostnaðargreina, skoða og setja gögnin beint inn í Excel og vinna með þau þaðan.“

Hrefna Sigurðardóttir, forstjóri.

ÁVINNINGURINN

Með því að skipta kerfinu upp í margar mismunandi kerfiseiningar er notandinn einungis að borga fyrir þá þætti kerfisins sem hann þarf á að halda. Einnig gefur þetta möguleika á að veita notendum aðgang að mismunandi einingum – eftir hlutverki hvers og eins.

Í H3 laun eru öll skil launatengdra gjalda afar einföld og með einum músasmelli má t.d. skila inn gögnum til stéttarféлага, lífeyrissjóða og gjaldheimtna í gegnum rafræn skeyti (XML), textaskrá eða PDF í tölvupósti eftir því hvaða form viðkomandi aðili styður. Þannig eru útprentaðar skilagreinar alveg óþarfar og þar með umsvísan og kostnaður tengdur póstsendingum úr sögunni.

H3 laun hjá Skógarbæ tekur á móti tíma- og launafærslum frá viðverukerfinu Bakverði og skilar bókhaldsfærslum til DK. Þessi ferli eru að mestu leyti sjálfvirk.

Heildarávinningurinn er margþættur:

- Eitt notendavænt kerfi leysir flestöll mannauðsmálin.
- Rafrænn innlestur á tímaskráningum og færsluskrá til innlesturs í bókhald.
- Öll skjöl (og eyðublöð) í gagnagrunni sem einfaldar leit, greiningu og afgreiðslu.
- Svörin eru að miklu leyti sjálfvirk.
- Sjálfsafgreiðsla starfsmanna og stjórnenda.
- Engar tvískráningar eru í launa- og mannauðskerfinu.
- Starfsmenn í starfsmannahaldi eyða tíma sínum heldur í að efla mannauðinn enn frekar - Skógarbæ til framdráttar.

ÁKVÖRÐUNARTAKA

– RÉTTLÆTING FJÁRFESTINGAR

Í ákvörðunarferlinu er ekki einvörðungu horft á hvernig kerfið uppfyllir þarfir fyrirtækisins og kröfur stjórnenda / starfsmanna heldur skiptir kostnaðurinn einnig gríðarlega miklu máli. Oft liggur töluverð fjárfesting í eldri launa- og mannauðskerfum og ekki má gleyma innri kostnaði starfsmanna við að tileinka sér nýja kerfið og aðlaga vinnuferla að því. Rekstrarkostnaður H3 er hóflegur, sérstaklega ef reiknaður er kostnaður á hvern starfsmann.

UM TÖLVUMIÐLUN

Tölvumiðlun er eitt elsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins, stofnað árið 1985. Hjá Tölvumiðlun starfar samhentur hópur sérfræðinga, sem þjónustar mörg hundruð ánægðar notendur H3 launa- og mannauðslausnarrinnar, SFS fjárhagskerfisins, auk annarra hugbúnaðarkerfa. Við setjum gæði, metnað og góða þjónustu í fyrsta sæti.

HAFNA SAMBAND

Ef þú hefur áhuga á því að kynna þér lausnir Tölvumiðlunar á sviði launa- og mannauðsmála hikaðu ekki við að hafa samband.

Sími: 545 5000 | Netfang: info@tolvumidlun.is

CASE STUDY

„Þjónustan frá upphafi er til fyrirmyndar. Allt er gert til að leysa vandamál sem upp koma og þau leyst fljótt og vel. Starfsfólk í þjónustudeildinni er þægilegt í viðmóti og hefur góða þekkingu bæði á kerfunum og því umhverfi sem notendur vinna í.“

Hrefna Sigurðardóttir, forstjóri.

AF HVERJU TÖLVUMIÐLUN?

Tölvumiðlun hefur sérhæft sig í þjónustu við rekstraraðila og hefur undanfarinn áratug byggt upp öflugt ráðgjafa- og þjónustusvið sem hefur á að skipa starfsfólki með mikla sérþekkingu á launavinnslu, mannauðsmálum, bókhaldi og rekstri tölvukerfa. Við leggjum áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu til okkar viðskiptavina, sem hefur skilað sér í glæsilegri útkomu í árlegri þjónustukönnun Tölvumiðlunar, árangur sem við erum stolt af.

Um 500 íslensk fyrirtæki nota nú H3 með góðum árangri. H3 er stöðluð lausn og öll fyrirtæki nota sömu útgáfu án sértækra aðlögunar. Allar viðbætur og uppfærslur skila sér til allra notenda á sama tíma. Notendur uppfæra kerfið sjálfir á internetinu.



TÖLVUMIÐLUN

WWW.TOLVUMIDLUN.IS